

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Yfirdýralæknir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Hafnarfirði
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	05.03.2019
<i>Fundarritari:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 15:00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>			
<i>Pátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Ólafur R. Dýrmondsson, Katrín Andrésdóttir. Henry Alexander Henrysson og Erna Bjarnadóttir		

Umræða

Afdrif hreinkálfa veiddra kúa

Um grundvöll umræðu er vísað til 1. máls fundargerðar Fagráðs frá 27. febrúar 2019.

Fagráð um velferð dýra ítrekar nauðsyn þess að gerðar verði rannsóknir á þroska og afdrifum kálfa með tilliti til þess hvort þeir fylgja móður að vetri eða eru móðurlausir s.s. vegna þess að hún er felld á veiðitímabili. Slíkar rannsóknir eru forsendur þess að hægt sé að meta með vísindalegum aðferðum hver áhrif veiða eru á afdrif kálfa. Fagráð leggur áherslu á að rannsóknirnar nái yfir meiri hluta búsvæða hreindýra (veiðisvæða) og taki einnig til nokkurra ára svo draga megi ályktanir með viðurkenndum tölfræðilegum aðferðum.

Fagráð um velferð dýra beinir þeim tilmælum til Umhverfisstofnunar að endurskoða veiðiráðgjöf/veiðistjórnun við hreindýraveiðar með tilliti til velferðar hreinkálfa. Fagráð vísar til Noregs, þar er við þjálfun veiðimanna lögð áhersla á þá siðfræði (jegeretik) að fella ekki kú frá kálfi og að helst eigi að fella kálfinn á undan kúnni. Sömuleiðis að veiðar hefjast þar að jafnaði seinna en hér á landi.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.00. Næsti fundur er áætlaður 27. mars 2019 kl. 13:00 í starfsstöð MAST við Dalshraun í Hafnarfirði.